



ORKUSTOFNUN

þrýstiprófun holu SN-6 Seltjarnarnesi

Sæbór L. Jónsson

Greinargerð SLJ-94-05

## PRÝSTIPRÓFUN HOLU SN-6 SELTJARNARNESSI

Vegn gruns um að gat væri á fóðringu holu SN-6 á Seltjarnarnesi, var holan þrýstiprófuð þann 21. september 1994. Samkvæmt hita- og viðnámsmælingum frá 26. ágúst og 12. september 1994, virtist sem gat gæti verið á fóðringu á 195-205 m dýpi. Var því ákveðið að þrýstiprófa holuna með 25-30 bara þrýstingi. Þegar þrýstingur hafði náð 22,8 bara þrýstingi, var ákveðið að hætta að dæla á holuna þar sem starfsmenn Vélsmiðju Orms og Víglundar treystu sér ekki til að setja meiri þrýsting á holutoppinn. Þá hafði vatnsborði holunar verið þrýst frá 16 m í um 246 m dýpi. Fylgst var með hvernig þrýstingur byggðist upp, því ef gat væri á fóðringu, kæmi það fram sem truflun á þrýstiferlinum og trúlega sem láréttur ferill þar sem loftið myndi allt leka þar út.

Til að ná upp loftþrýstingi var notuð startloftpressa frá Vélsmiðju Orms og Víglundar. Starfsmenn vélsmiðjunar sáu um allan undirbúning þrýstiprófunarinnar og og frágang holunnar í samráði við hitaveitustjórann Jón Björnsson. Verkfræðideild JHD lagði til þrýstimæli til að fylgjast með þrýstingnum á holunni auk nákvæms þrýstinema ásamt gagnaskráningarbúnaði sem skráði þrýsting á einnar mínútu fresti.

Eins og sjá má á mynd 1 er engin truflun á þrýstiferlinum, fyrir utan lóðréttalínu sem er vegna aflesturs af tækinu kl 13:47. Prýstingurinn byggðist eðlilega upp og ekki var nein staðar um leka á fóðringu að ræða. Prýstingurinn var síðan láttinn standa á holunni fram á morgunn þann 22. september. Prýstingurinn dalaði ekkert, sjá mynd 2, sem staðfestir að fóðringin er heil niður á 246 m dýpi. Frávik hita- og viðnámsmælinga stafa því ekki af leka á fóðringu.

Sæþór L. Jónsson,  
deildarverkfræðingur


Høla SN-6 Seltjarnarnesi

MS-110SA nr. 003259

[Bar]

Hømark = 22.700 21: 38'00 21/09  
Lågmark = 0.000 09: 09'00 21/09

medaltal = 14.1364  
fjøldi = 767



09:00 - 22:00 21. september 1994

OS-JHD-VFR/SLJ

mynd 1

Hola SN-6 Seltjarnarnesi


MS-110SA nr. 003259

[Bar]

håmark = 22.800 04: 40'00 22/09  
lågmark = 1.200 09: 04'00 22/09

medaltal = 22.7062

fjöldi = 670



21:00 21. september - 10:00 22. september 1994 OS-JM-VFF/SLU

Mynsl Q.